

Ár 2010, miðvikudaginn 12. maí kl: 17:00 kom bæjarstjórn Hveragerðis saman til fundar á skrifstofu bæjarins Sunnumörk 2, Hveragerði.

Fundinn sátu Eyþór H. Ólafsson, Unnur Þormóðsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Róbert Hlöðversson og Steinar Rafn Garðarsson.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Forseti bæjarstjórnar, Eyþór H. Ólafsson, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum um fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi fundar lagði forseti fram dagskrárbreytingatillögu um að liður 2 yrði ræddur fyrstur á fundinum. Tillagan samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Fundargerðir

- 1.1. Bæjarráðs frá 23. apríl og 6. maí 2010.
- 1.2. Skipulags- og byggingarnefndar frá 13. apríl 2010.
- 1.3. Velferðarnefndar frá 28. apríl 2010.
- 1.4. Fræðslunefndar frá 26. apríl 2010.
- 1.5. Menningar- íþróttar- og frístundanefndar frá 26. apríl 2010.
- 1.6. Kjörstjórnar frá 26. apríl, 8. og 9. maí 2010.

2. Kynning á viðbyggingaráformum vegna GÍH, fundargerðir starfshóps um stækkun Grunnskólans í Hveragerði frá 3. og 23. mars og 14. apríl 2010.

3. Þjónustusamningur við foreldrafélag Grunnskólans í Hveragerði.

4. Samstarfssamningur hagsmunaaðila um umhverfisúrbætur á Vorsabæjarvöllum.

5. Samkomulag við NLFÍ vegna lóðar.

6. Umsögn bæjarstjórnar um samgönguáætlun ríkisstjórnar.

7. Fundargerðir til kynningar;

- 7.1 Bæjarstjórnar frá 15. og 27. apríl 2010.

Hér var gengið til dagskrár

1. Fundagerðir;

1.1. Bæjarráðs frá 23. apríl 2010

Eftirtaldir tóku til máls: Steinar Garðarsson, Herdís Þórðardóttir og Aldís Hafsteinsdóttir.

Steinar Garðarsson vék af fundi meðan á afgreiðslu liðar 1.3 stóð.

Liður 1.3. samþykktur samhljóða.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

Bæjarráðs frá 6. maí 2010.

Eftirtaldir tóku til máls: Róbert Hlöðversson og Eyþór H. Ólafsson.

Fulltrúar minnihlutans lögðu fram eftirfarandi bókun vegna liðar 4.1

Minnihluti A-listans gagnrýnir þau vinnubrögð sem viðhöfð eru við verkframkæmdir í bæjarfélaginu. Nú er farin af stað viðgerðir á sundlauginni í Laugaskarði. Bæjarfulltrúar A-listans hafa ekki verið upplýstir að neinu leyti um þessa verkframkvæmd. Þann 1.mars sl. voru opnuð tilboð í verkið. Þrátt fyrir að fimm bæjarráðsfundir hafi verið haldnir frá opnun tilboðana voru gögn um niðurstöðu tilboðsins ekki lögð fram fyrr en á bæjarráðsfundi þann 6.maí og þá að kröfu fulltrúa A-listans í bæjarráði. Engar upplýsingar liggja enn fyrir um kostnaðaráætlun vegna verksins. Þrátt fyrir að verkframkvæmdin sé unnin í samráði við Viðlagatryggingar er verulega ámælisvert að bæjarstjóri skuli fara leynt með eins umfangsmikla framkvæmd sem þetta verk er.

Herdís Þórðardóttir

Róbert Hlöðversson

Steinar Rafn Garðarsson

Kl. 17:58 var gert fundarhlé.

Kl. 18:10 hélt fundur áfram.

Fulltrúar meirihlutans lögðu fram eftirfarandi bókun.

Vinnubrögð við verkið eru ekki ámælisverð enda er hér verið að gera við jarðskjálftaskemmdir sem ekki hefur enn tekist að meta þrátt fyrir ítarlega vinnu Viðlagatryggingar og verkfræðistofu á þeirra vegum. Enn eru að koma fram skemmdir á laugarkerinu sem sýna svo ekki verður um villst hversu erfitt var að leggja mat á umfang verksins fyrirfram. Bótafjárhæð liggur ekki fyrir en Viðlagatrygging fylgist grannt með öllum framkvæmdum og mun bæta tjón í samræmi við niðurstöður verkeftirlits.

Eyþór H. Ólafsson

Aldís Hafsteinsdóttir

Unnur Þormóðsdóttir

Guðmundur Þór Guðjónsson

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

1.2. Skipulags- og byggingarnefndar frá 13. apríl 2010.

Enginn tók til máls.

Fundargerðin samþykkt samhljóða

1.3. Velferðarnefndar frá 28. apríl 2010.

Eftirtaldir tóku til máls. Eyþór H. Ólafsson og Unnur Þormóðsdóttir

Vegna liðar 4 bréf frá Velferðarvaktinni og liðar 6 átaksverkefni námsmanna vill meirihluti bæjarstjórnar lýsa yfir ánægju sinni með góð viðbrögð velferðarsviðs við

þeirri efnahagskreppu sem nú gengur yfir landið. Komið er til móts við efnaminni barnafjölskyldur með ýmsum hætti, lagðir hafa verið auknir fjármunir til sérstakra húsaleigubóta og ennfremur hefur bæjarfélagið ráðið inn fjölda starfsmanna í hin ýmsu átaksverkefni. Þær hugmyndir sem Velferðarnefnd leggur til auka enn fjölbreytni þeirra starfa sem í boði eru fyrir atvinnuleitendur.

Eyþór H. Ólafsson
Aldís Hafsteinsdóttir
Unnur Þormóðsdóttir
Guðmundur Þór Guðjónsson

Vegna liðar 7 - matur fyrir eldri borgara, vill meirihluti bæjarstjórn ítreka þakkir nefndarinnar til þeirra veitingaaðila sem bjóða eldri borgurunum og atvinnuleitendum mat á vægu verði.

Eyþór H. Ólafsson
Aldís Hafsteinsdóttir
Unnur Þormóðsdóttir
Guðmundur Þór Guðjónsson

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

1.4. Fræðslunefndar frá 26. apríl 2010.

Eftirtaldir tóku til máls: Eyþór H. Ólafsson.

Vegna liðar 1 skýrsla skólastjóra leggur meirihlutinn fram eftirfarandi bókun:

Það er ánægjulegt að sjá hversu gott og mikið samstarf hefur tekist á milli leikskólans Undralands og Dvalarheimilisins Áss og þá sérstaklega dagdvalarinnar í Bæjarási. Börnin fara í heimsókn og taka þátt í daglegu starfi eldri borgaranna og til stendur að þeir eldri heimsækji einnig Undraland. Þetta samstarf er ómetanlegt og mikil gleði fólgin í þessum samskiptum bæði fyrir þá yngri sem þá sem eldri eru.

Eyþór H. Ólafsson
Aldís Hafsteinsdóttir
Unnur Þormóðsdóttir
Guðmundur Þór Guðjónsson

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

1.5. Menningar- íþróttá- og frístundanevndar frá 26. apríl 2010.

Eftirtaldir tóku til máls: Eyþór H. Ólafsson, Herdís Þórðardóttir, Unnur Þormóðsdóttir og Guðmundur Þór Guðjónsson.

Vegna liðar 4 - verkefnastyrkir lagði meirihlutinn fram eftirfarandi bókun:

Meirihluti bæjarstjórnar þakkar Menningarráði Suðurlands fyrir rausnarlegan styrk til þeirra verkefna sem Hveragerðisbær hefur í hyggju að ráðast út í. Er þar um að ræða nýsköpunarverkefni sem kallast "Söguhlustun í Hveragerði" og verkefni sem ráðist verður í á aðventu 2010 og kallast "Hátíð og jól í Skáldagötu".

Eyþór H. Ólafsson
Aldís Hafsteinsdóttir

Unnur Þormóðsdóttir
Guðmundur Þór Guðjónsson
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

1.6. Kjörstjórnar frá 26. apríl, 8. og 9. maí 2010.

Enginn tók til máls.
Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.

2. Kynning á viðbyggingaráformum vegna GÍH. Einnig lagðar fram fundargerðir starfshóps um stækkun Grunnskólans í Hveragerði frá 3. og 23. mars og 14. apríl 2010.

Lagðar fram til kynningar teikningar af viðbyggingu við GÍH sem starfshópur um stækkun grunnskólans hefur samþykkt að sínu leyti. Jafnframt lagðar fram þrjár fundargerðir frá starfshópnum.

Á fundinn mættu dr. Maggi Jónsson, arkitekt skólans, Guðjón Sigurðsson, skólastjóri og Guðmundur F. Baldursson, skipulags- og byggingafulltrúi.

Eftirtaldir tóku til máls: Eyþór H. Ólafsson, Róbert Hlöðversson, Aldís Hafsteinsdóttir og Herdís Þórðardóttir.

Meirihluti bæjarstjórnar lagði fram eftirfarandi bókun:

Það er fagnaðarefni að nú skuli áform um viðbyggingu við grunnskólann loks komin á það stig að arkitekt skilar teikningum að útliti skólans. Í allri þeirri vinnu sem hér hefur farið fram hefur verið farið eftir ýtarlegri þarfagreiningu sem unnin var árin 2008-2009 og allir hagsmunaaðilar komu að. Ennfremur hefur hér verið unnið eftir því markmiði að auðvelt væri að áfangaskipta framkvæmdinni þannig að hún yrði framkvæmanleg fyrir okkar sveitarfélag. Hér er komin tillaga sem uppfyllir þær óskir sem brýnastar voru taldar í fyrsta áfanga, stækkun mótuneytis, aðstöðu fyrir sérfræðinga, heilsugæslu og stjórnendur, rúmgott sérkennslurými og 3 kennslustofur. Einnig myndast gott miðrymi sem nýst getur á fjölbreyttan hátt í skólastarfinu. Það er vilji núverandi meirihluta að stutt verði við gott skólastarf með góðum ytri ramma því er það okkur kappsmál að búið sé vel að skólastarfinu. Þessar hugmyndir eru liður í því verki sem brýnt er verði framhaldið á komandi kjörtímabili.

Eyþór H. Ólafsson
Aldís Hafsteinsdóttir
Unnur Þormóðsdóttir
Guðmundur Þór Guðjónsson.

3. Þjónustusamningur við foreldrafélag Grunnskólans í Hveragerði.

Lagður fram þjónustusamningur við foreldrafélag Grunnskólans í Hveragerði.

Meirihluti bæjarstjórnar lagði fram eftirfarandi bókun:

Gott foreldrastarf er mikilvægt hverjum skóla og því er það með mikilli ánægju sem við leggjum fram þjónustusamning um stuðning bæjarfélagsins við Foreldrafélag Grunnskólans í Hveragerði. Vonumst við til að með þessu framlagi verði foreldrafélaginu gert kleift að starfa af sama krafti og verið hefur. Bæjarstjóra falið að undirrita samninginn.

Eyþór H. Ólafsson
Aldís Hafsteinsdóttir
Unnur Þormóðsdóttir
Guðmundur Þór Guðjónsson

Eftirtaldir tóku til máls; Eyþór H. Ólafsson

Samningurinn samþykktur.

4. Samstarfssamningur hagsmunaaðila um umhverfisúrbætur á Vorsabæjarvöllum.

Lagður fram samstarfssamningur milli sex hagsmunaaðila um umfangsmiklar umhverfisúrbætur á Vorsabæjarvöllum. Í samningum er gerð grein fyrir skuldbindingum þeirra aðila sem standa að samningnum en þeir eru auk Hveragerðisbæjar, Hestamannafélagið Ljúfur, Húseigendafélag hesthúsahverfisins, Golfklúbbur Hveragerðis, Skógræktarfélag Hveragerðis og Veiðifélag Varmár og Þorleifslækjar. Bæjarstjóra falið að undirrita samninginn.

Eftirtaldir tóku til máls: Steinar Garðarsson, Eyþór H. Ólafsson og Herdís Þórðardóttir

Samningurinn samþykktur með breytingum sem gerðar voru á fundinum.

5. Samkomulag við NLFÍ vegna lóðar.

Lögð fram drög af samkomulagi milli Hveragerðisbæjar og NLFÍ um úthlutun á 11.000 m² lóð.

Meirihluti bæjarstjórnar lagði fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn samþykkir að úthluta NLFÍ umræddri lóð til 10 ára. Hafi framkvæmdir á að minnsta kosti helmingi svæðisins ekki hafist innan tímabilsins fellur lóðarleigusamningurinn úr gildi án uppsagnar.

Með þessari samþykkt fellur bæjarstjórn frá sölu byggingarréttar á umræddri spildu enda er gert ráð fyrir notkun á vegum HNLFÍ á gildandi aðalskipulagi. Það er von bæjarstjórnar að með þessum samningi verði framþróun Heilsustofnunar sem er einn stærsti vinnustaður Suðurlands enn öflugri hagsbóta fyrir stofnunina og Hveragerðisbæ. Bæjarstjóra falið að undirrita samninginn.

Eyþór H. Ólafsson
Aldís Hafsteinsdóttir
Unnur Þormóðsdóttir
Guðmundur Þór Guðjónsson

Eftirtaldir tóku til máls. Eyþór H. Ólafsson, Herdís Þórðardóttir, Aldís Hafsteinsdóttir,

Samningurinn samþykktur samhljóða með þeim breytingum sem kynntar voru á fundinum.

Kl. 18:25 vék Aldís Hafsteinsdóttir af fundi og tók Ragnhildur Hjartardóttir sæti hennar.

6. Umsögn bæjarstjórnar um samgönguáætlun ríkisstjórnar.

Samgöngunefnd Alþingis hefur sent til umsagnar tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009–2012.

Bæjarstjórn lýsir furðu sinni á því að í umræddri samgönguáætlun er ekki gert ráð fyrir framlagi til Suðurlandsvegar heldur er þar gert ráð fyrir sérstakri fjármögnun samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis. Í áætluninni er horft til aðkomu lífeyrissjóðanna sem aftur setja það skilyrði að framkvæmdir séu þjóðhagslega hagkvæmar og að sjóðirnir fái viðunandi arð af fjárfestingum sínum. Sé eingöngu horft til vegbóta á Suðurlandsvegi þá hefur það skýrt komið fram að þær framkvæmdir eru þjóðhagslega hagkvæmar. Arður lífeyrissjóðanna hefur í umræðum ráðamanna falist í upptöku veggjalda. Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar telur þá leið algjörlega óásættanlega þar sem slíkt myndi fela í sér grófa mismunun þar sem gjaldið fyrir veglagninguna myndi leggjast af fullum þunga á íbúa hér fyrir austan fjall sem ekki hafa aðra möguleika vegna ferða sinna til höfuðborgarinnar en Suðurlandsveginn.

Bæjarstjórn mótmælir þeim rökum að lífeyrissjóðirnir geti ekki haft arð af þessari fjárfestingu nema veggjöld verði lögð á. Aðrar leiðir eru sannanlega færar eins og ítrekað hefur verið bent á. Til dæmis að ríkið innheimti tímabundið viðbótargjald af eldsneyti til að standa straum af þeim viðbótarframkvæmdum sem horft er til. Með því móti yrði lán lífeyrissjóðanna greitt af ríkinu sem aftur sækti fjármunina til allra þeirra sem nýta sér vegakerfi landsins. Veggjöld eru undir öllum kringumstæðum óásættanleg mismunun gagnvart íbúum þessa svæðis sem margir hverjir hafa sest að hér fyrir austan fjall í þeirri trú að suðvesturhorn landsins væri eitt atvinnusvæði.

Bæjarráð Hveragerðisbæjar ályktaði um sama mál þann 7. apríl s.l. með eftirfarandi ályktun. Ekkert hefur komið fram sem breytir skoðun bæjarfulltrúa í Hveragerði sem þarna kemur fram:

Bæjarráð Hveragerðisbæjar mótmælir harðlega öllum áformum um innheimtu veggjalda á stofnbrautum út af höfuðborgarsvæðinu enda ganga slík áform þvert á stefnu stjórnvalda um suðvestursvæðið sem eitt atvinnu- og búsetusvæði eins og kynnt hefur verið í stefnumörkun til framtíðar á vegum ríkisstjórnarinnar. Vegbætur á þessum umferðarþungu og hættulegu stofnæðum eru löngu tímabærar enda hafa loforð ítrekað verið gefin um framkvæmdir við þessar nauðsynlegu úrbætur. Ef nú á að fara úti meiriháttar breytingar á fjármögnun vegakerfis landsmanna þá hljóta þær hinar sömu forsendur að gilda innan höfuðborgarsvæðisins jafnt sem út á landi. Með innheimtu vegtolla á ákveðnum leiðum er verið að skekkja búsetuskilyrði á landinu með þeim hætti að ekki verður við unað.

7. Fundargerðir til kynningar.

7.1. Bæjarstjórnar frá 15. og 27. apríl 2010.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:39

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Herdís Þórðardóttir

Ragnhildur Hjartardóttir, (sign).

Róbert Hlöðversson, (sign).

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Steinar Rafn Garðarsson, (sign).

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign).

Helga Kristjánsdóttir, (sign).